

## TILSKIPUN RÁÐSINS 2001/110/EB

2003/EES/49/12

frá 20. desember 2001

varðandi hunang (\*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 37. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að einfalda tilteknar, lóðrétt tengdar tilskipanir á sviði matvæla með þeim hætti að eingöngu sé tekið tillit til grunnkrafna, sem þarf að uppfylla viðvíkjandi þeim vörum sem falla undir tilskipanirnar, svo að flutningar viðkomandi vara verði greiðir á innri markaðinum, í samræmi við niðurstöður fundar leiðtoga ráðsins sem haldinn var í Edinborg 11. og 12. desember 1992 en þær voru staðfestar með niðurstöðum fundar leiðtoga ráðsins í Brussel 10. og 11. desember 1993.
- 2) Tilskipun ráðsins 74/409/EBE frá 22. júlí 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hunang <sup>(4)</sup> var rökstudd með því að sá munur, sem væri milli löggjafar einstakra ríkja um skilgreiningu hunangs, mismunandi gerðir hunangs og eiginleika sem væri krafist, gæti leitt til ójafna samkeppnis skilyrða og villt um fyrir neytendum og þar af leiðandi haft bein áhrif á stofnun og starfsemi hins sameiginlega markaðar.
- 3) Í tilskipun 74/409/EBE og síðari breytingum á henni hafa þar af leiðandi verið fastsettar skilgreiningar á hunangi, tilgreindar mismunandi gerðir hunangs sem heimilt er að markaðssetja með viðkomandi heitum, mælt fyrir um sameiginlegar reglur um samsetningu og ákvarðaðar helstu upplýsingar sem eiga að koma fram á merkimiðanum til að tryggja fjálsta flutninga á vörum innan bandalagsins.
- 4) Til glöggvunar skal endursemja tilskipun 74/409/EBE til að gera reglur um skilyrði fyrir framleiðslu og markaðssetningu hunangs aðgengilegri og til að aðlaga þær að almennri löggjöf bandalagsins um matvæli, einkum löggjöf um merkingar, aðskotaefni og greiningaraðferðir.

5) Almennar reglur um merkingar matvæla, sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins <sup>(5)</sup> 2000/13/EB, skulu gilda með fyrirvara um tiltekin skilyrði. Í ljósi náninna tengsla á milli gæða hunangs og uppruna þess er nauðsynlegt að tilgreindar séu nákvæmar upplýsingar um þessi atriði þannig að ekki sé villt um fyrir neytandanum varðandi gæði hunangsins. Vegna sérstakra hagsmuna neytenda, að því er varðar landfræðilega eiginleika hunangs og til að fyllsta gagnsæis sé gætt þar að lútandi, er nauðsynlegt að tilgreina á merkimiðanum upprunalandið þar sem hunangið er tekið.

6) Ekki má fjarlægja frjókorn eða önnur innihaldsefni hunangs nema óhjákvæmilegt sé þegar verið er að fjarlægja lífræn og ólífræn aðskotaefni. Hægt er að gera það með síun. Ef slík síun hefur í för með sér að fjarlægja þarf umtalsvert magn af frjókornum skal neytandinn fá réttar upplýsingar þar að lútandi með viðkomandi upplýsingum á merkimiðanum.

7) Ekki má bæta síuðu hunangi út í hunang með heiti sem felur í sér upplýsingar um blóma- eða plöntuuppruna, svæðis-, lands- eða staðfræðilegan uppruna eða tiltekin gæðaskilyrði. Til að auka gagnsæi markaðarins skal vera skyldubundið að merkja síað hunang og bókunarhunang í öllum viðskiptum á heilfarmamarkaði.

8) Eins og framkvæmdastjórnin lagði áherslu á í orðsendingu sinni til Evrópuþingsins og ráðsins frá 24. júní 1994 um evrópska býflugnarækt er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja greiningar- aðferðir til að tryggja samræmi við samsetningar og annað sem er sérstaklega tilgreint varðandi allt hunang sem er markaðssett í bandalaginu.

9) Æskilegt er að tillit verði tekið til vinnu sem þegar hefur verið lögð í nýjan Codex-staðal fyrir hunang sem aðlagður hefur verið, eftir því sem við á, að sérkröfum bandalagsins.

10) Samkvæmt dreiffræðis- og meðalhófsreglunni í 5. gr. sáttmálans geta aðildarríkin ekki náð á viðhlítandi hátt því markmiði að mæla fyrir um sameiginlegar skilgreiningar og reglur fyrir umræddar vörur og aðlaga ákvæðin að almennri löggjöf bandalagsins um matvæli og þess vegna verður því betur náð á vettvangi bandalagsins sakir þess hvers eðlis tilskipunin er. Ekki er gengið lengra með tilskipuninni en nauðsyn krefur til þess að settum markmiðum verði náð.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 10, 12.1.2002, bls. 47, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/2002 frá 12. júlí 2002 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 54, 31.10.2002, bls. 9.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 231, 9.8.1996, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 279, 1.10.1999, bls. 91.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 56, 24.2.1997, bls. 20.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 221, 12.8.1974, bls. 10. Tilskipuninni var síðast breytt með lögum um aðild Spánar og Portúgals frá 1985.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29.

- 11) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun ber að samþykkja í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið<sup>(1)</sup>.
- 12) Til að koma í veg fyrir að nýjar hindranir myndist gegn frjálsum vöruflutningum ættu aðildarríkin ekki að samþykkja innlend lagaákvæði sem varða umræddar vörur og ekki er kveðið á um í þessari tilskipun.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

## 1. gr.

Þessi tilskipun gildir um vörur sem eru skilgreindar í I. viðauka. Þessar vörur skulu uppfylla kröfumnar sem eru settar fram í II. viðauka.

## 2. gr.

Tilskipun 2000/13/EB gildir um þær vörur sem eru skilgreindar í I. viðauka, sbr. þó eftirfarandi skilyrði:

1. Heitið „hunang“ skal aðeins gilda um vöruna sem er skilgreind í 1. lið I. viðauka og skal notað í viðskiptum til auðkenningar.
2. Vöruheitin, sem um getur í 2. og 3. lið I. viðauka, skulu aðeins gilda um þær vörur sem eru skilgreindar þar og skulu þau notuð í viðskiptum til auðkenningar. Í stað þessara heita má koma einfalda vöruheitið „hunang“ nema þegar um er að ræða síað hunang, vaxkökunang, vaxkökubitahunang og bökunarhunang.

Samt sem áður

- a) þegar um er að ræða bökunarhunang skulu orðin „einungis ætlað til matreiðslu“ vera mjög nálægt vöruheitinu á merkimiðanum;
- b) má bæta við vöruheitin, nema þegar um er að ræða síað hunang og bökunarhunang, upplýsingum sem varða:
  - uppruna, hvort sem um blóm eða plöntu er að ræða, svo fremi að varan sé algerlega eða að meginhluta upprunnin úr því blómi eða plöntu sem tiltekin er og hafi skynræna, eðlisefnafræðilega og smásæja eiginleika upprunans,
  - svæðis-, lands- eða staðfræðilegan uppruna, svo fremi sem varan sé að öllu leyti upprunnin frá þeim stað sem tiltekinn er,
  - sérstakar gæðaviðmiðanir.
3. Þegar bökunarhunang hefur verið notað sem innihaldsefni í samsettu matvælna má nota heitið „hunang“ í vöruheiti samsettu matvælnanna í stað heitisins „bökunarhunang“. Í innihaldslýsingunni skal þó nota heitið eins og um getur í 3. lið I. viðauka.
4. a) Tilgreina skal á merkimiðanum upprunandið eða -löndin þar sem hunangið hefur verið tekið,

Ef hunangið er upprunnið í fleiri en einu aðildarríki eða þriðja landi má þó í stað þeirra upplýsinga koma eitt af eftirfarandi, eftir því sem við á:

— „blanda af hunangi frá löndum sem eru í EB“,

— „blanda af hunangi frá löndum sem eru ekki í EB“,

— „blanda af hunangi frá löndum sem eru í EB eða eru ekki í EB“.

- b) Að því er varðar tilskipun 2000/13/EB, og einkum 13., 14., 16. og 17. gr., skal litið á upplýsingarnar, sem tilgreina skal skv. a-lið, sem upplýsingar skv. 3. gr. þeirrar tilskipunar.

## 3. gr.

Þegar um er að ræða síað hunang og bökunarhunang skal, á búlkaílátum, umbúðum og í viðskiptaskjölum, tilgreina fullt vöruheiti, eins og um getur í viii-lið b-liðar 2. liðar I. viðauka og 3. lið.

## 4. gr.

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt aðferðir til að leyfa sannpröfun á því hvort hunang sé í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar. Samþykkja skal slíkar aðferðir í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 7. gr. Þar til slíkar aðferðir hafa verið samþykktar skulu aðildarríkin, hvenær sem þörf krefur, nota alþjóðlega viðurkenndar, fullgiltar aðferðir, eins og þær sem hafa verið samþykktar af Codex Alimentarius, til að sannprófa samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

## 5. gr.

Þegar um er að ræða vörur, sem eru skilgreindar í I. viðauka, skulu aðildarríkin ekki samþykkja innlend ákvæði sem ekki er kveðið á um í þessari tilskipun.

## 6. gr.

Samþykkja ber nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun, sem varða þau efnissvið sem um getur hér á eftir, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 7. gr.:

— að laga þessa tilskipun að almennri löggjöf bandalagsins um matvæli,

— að laga tilskipunina að tækniframförum.

## 7. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um matvæli (hér á eftir kölluð „nefndin“) sem komið var á fót skv. 1. gr. ákvörðunar 69/414/EBE<sup>(2)</sup>.

2. Þegar vísað er í þessa málsgrein skal beita ákvæðum 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB L 291, 19.11.1969, bls. 9.

*8. gr.*

Tilskipun 74/409/EBE fellur úr gildi frá og með 1. ágúst 2003.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun.

*9. gr.*

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. ágúst 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Beita ber þessum ráðstöfunum þannig að:

- markaðssetning vara, sem eru skilgreindar í I. viðauka, sé heimiluð frá og með 1. ágúst 2003, enda samræmist þær þeim skilgreiningum og reglum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun,
- markaðssetning vara sem samræmast ekki ákvæðum þessarar tilskipunar, sé bönnuð frá og með 1. ágúst 2004.

Markaðssetning vara, sem samræmast ekki þessari tilskipun en eru merktar fyrir 1. ágúst 2004 í samræmi við tilskipun ráðsins 74/409/EBE, er samt sem áður heimil uns birgðir eru þrotnar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

*10. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

*11. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. desember 2001.

*Fyrir hönd ráðsins,*

C. PICQUÉ

*forseti.*

## I. VIÐAUKI

## HEITI, VÖRULÝSINGAR OG SKILGREININGAR

1. Hunang er náttúrulegt sætuefni sem *Apis mellifera*-býflugur framleiða úr hunangslegi plantna eða úr seyti úr lifandi hlutum plantna eða úr úrgangsefnum sem skordýr, sem sjúga plöntur, skilja eftir á lifandi hlutum plantnanna og sem býflugurnar safna, umbreyta með því að sameina eigin efnum, geyma, þurrka og láta þroskast í vaxkökum.
2. Helstu gerðir hunangs eru:
  - a) samkvæmt uppruna:
    - i) blómahunang  
Hunang fengið úr hunangslegi plantna;
    - ii) daggarhunang  
Hunang, aðallega fengið úr úrgangsefnum sem skordýr, sem sjúga plöntur (*Hemiptera*), skilja eftir á lifandi hlutum plantnanna eða úr seyti lifandi hluta plantna;
  - b) samkvæmt vinnslumáta og/eða kynningu:
    - iii) vaxkökahunang  
Hunang sem býflugur safna í hólf nýbyggðra lirlfalausra vaxkakna eða í fingerðar tilbúnar vaxtöflur úr heinu bývaxi sem síðan er selt í lokuðum vaxkökum, heilum eða í stykkjum;
    - iv) vaxkökubitahunang  
Hunang sem í er eitt eða fleiri stykki af vaxköku;
    - v) hunang sem er fengið með dreypli  
Hunang sem er fengið með því að láta drjúpa af opnum, lirlfalausum vaxkökum;
    - vi) hunang sem er fengið með úrdrætti  
Hunang sem er fengið með því að skilja í skilvindu opnar, lirlfalausar vaxkökur;
    - vii) pressað hunang  
Hunang sem er fengið með því að pressa lirlfalausar vaxkökur án hitunar eða við vægan hita, ekki yfir 45 °C;
    - viii) síað hunang  
Hunang sem er fengið með því að fjarlægja ólifræn eða lífræn aðskotaefni þannig að töluverður hluti af fjórkornunum er fjarlægður.
3. Bökunarhunang  
Hunang sem a) er hentugt til að nota í iðnaði eða sem innihaldsefni í önnur matvæli sem eru síðan unnin og b) getur
  - haft framandi bragð eða lykt, eða
  - verið byrjað að gerjast eða hafa gerjast, eða
  - hafa ofhitnað.

## II. VIÐAUKI

## SAMSETNINGARSKILYRÐI FYRIR HUNANG

Hunang er aðallega sett saman úr mismunandi sykurtegundum, einkum frúktósa og glúkósa og öðrum efnum, eins og lífrænum sýrum, ensímum og föstum ögnum sem fást við söfnun hunangs. Lítur hunangs getur verið breytilegur, allt frá því að vera nánast litlaus í það að vera dökkbrúnn. Hunangið getur verið fljótandi, seigfljótandi eða að hluta til eða alveg kristallað. Bragð og lykt er breytilegt en á rætur sínar að rekja til uppruna plöntunnar.

Óheimilt er að bæta efnisþáttum matvæla út í hunang, þ.m.t. aukefni í matvælum, og öllum öðrum aukefnum nema hunangi þegar hunang er markaðssett eða notað í einhverja aðra vöru sem er ætluð til mannelis. Hunang skal, að því marki sem frekast er unnt, vera án lífrænna eða ólífrænna efna sem tilheyra ekki samsetningu þess. Hunang má ekki hafa neitt framandi bragð eða lykt, verið byrjað að gerjast, sýrustigi þess breytt eða hafa verið hitað að því marki að náttúruleg ensím hafi annaðhvort verið eyðilögð eða gerð óvirk að stórum hluta, að undanskildu hunangi sem um getur í 3. lið I. viðauka.

Ekki má fjarlægja frjókorn eða efnisþætti sem eru einkennandi fyrir hunang nema það reynist óhjákvæmilegt þegar fjarlægja þarf lífræn eða ólífræn aðskotaefni, sbr. þó viii-lið b-lið 2. liðar I. viðauka.

Þegar hunang er markaðssett sem hunang eða notað í einhverja aðra vöru, sem er ætluð til mannelis, skal það uppfylla eftirfarandi skilyrði um samsetningu:

1. Sykurinnihald
  - 1.1. Frúktósi og glúkósi (samanlagt)
 

— blómahunang	ekki undir 60 g/100g
— daggarhunang, blöndur af daggarhunangi og blómahunangi	ekki undir 45g/100g
  - 1.2. Súkrósainnihald
 

— almennt	ekki yfir 5g/100g
— fuglatré ( <i>Robinia pseudoacacia</i> ), refasmári ( <i>Medicago sativa</i> ), <i>Banksia menziesii</i> ), <i>Hedysarum</i> , ömbruviður ( <i>Eucalyptus camadulensis</i> ), <i>Eucryphia lucida</i> , <i>Eucryphia milliganii</i> , <i>Citrus</i> spp.	ekki yfir 10 g/100 g
— lofnarblóm ( <i>Lavandula</i> spp.), hjólkróna ( <i>Borago officinalis</i> )	ekki yfir 15 g/100 g
2. Rakainnihald
 

— almennt	ekki yfir 20%
— beitiylngshunang ( <i>Calluna</i> ) og bökunarhunang almennt	ekki yfir 23%
— bökunarhunang úr beitiylngi ( <i>Calluna</i> )	ekki yfir 25%
3. Innihald vatnsóleysanlegra efna
 

— almennt	ekki yfir 0,1 g/100g
— pressað hunang	ekki yfir 0,5 g/100g
4. Efni með rafleiðni
 

— hunang sem er ekki tilgreint hér á eftir, hreint eða blandað	ekki yfir 0,8 mS/cm
— daggarhunang og kastaníuhnetuhunang, hreint eða blandað, nema þær hunangstegundir sem eru tilgreindar hér á eftir	ekki yfir 0,8 mS/cm
— undantekningar: jarðarberjatré ( <i>Arbutus unedo</i> ), bjöllulyng ( <i>Erica</i> ), ilmviðir, lind ( <i>Tilia</i> spp.), beitiylng ( <i>Calluna vulgaris</i> ), <i>leptospermum</i> , <i>Melaleuca</i> spp.	
5. Innihald óbundinnar sýru
 

— almennt	ekki yfir 50 milli-jafngildi af sýru í 1 000 g
— bökunarhunang	ekki yfir 80 millíjafngildi í 1 000 g

- 
6. Virkni sterkjulkjúfs og innihald hýdroxýmetylfúrúrs (HMF) sem er ákvarðað eftir vinnslu og blöndun
- a) Virkni sterkjulkjúfs (Schade-kvarði)
- almennt, að undanskildu bökunarhunangi ekki undir 8
  - hunang með lágu náttúrulegu ensímminnihaldi (t.d. sitrus-hunang) og með HMF-innihaldi sem er ekki meira en 15 mg/kg ekki undir 3
- b) HMF
- almennt, að undanskildu bökunarhunangi ekki yfir 40 mg/kg (með fyrirvara um ákvæði annars undirliðar a-liðar)
  - hunang af yfirlýstum uppruna frá svæðum í hitabeltinu hreint eða blandað. ekki yfir 80/mg/kg
-